



FLÓAHREPPUR

## Reglur

### um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Flóahreppi

#### 1. gr.

##### Almennt

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 4/1995 með síðari breytingum og 7. gr. reglugerðar nr. 1160/2005 er sveitarstjórnunum veitt heimild til að lækka, fella niður eða veita styrki til greiðslu fasteignaskatta.

#### 2. gr.

##### Starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni

Ekki eru veittir styrkir til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum félaga sem rekin eru af menningar-, íþrótt- og æskulýðsfélögum.

#### 3. gr.

##### Elli- og örorkulífeyrisþegar

Ellilífeyrisþegar og 75% öryrkjar eða meira sem búsettir eru í eigin íbúðarhúsnæði og eiga lögheimili í sveitarfélaginu geta fengið afslátt af fasteignaskatti af því húsnæði sem þeir eiga og búa í og ekki er nýtt af öðrum. Eingöngu er um lækkun af íbúðarhúsnæði að ræða.

Öryrkjar skulu skila inn til skrifstofu sveitarfélagsins skriflegri umsókn fyrir 1. mars ár hvert ásamt staðfestu skattframtali næstliðins árs. Umsókn skal enn fremur fylgja vottorð um örorkumat.

Afsláttur til ellilífeyrisþega reiknast samkvæmt upplýsinum frá RSK.

Við ákvörðun lækkunar eða niðurfellingar fasteignaskatta skulu notaðar eftirfarandi viðmiðunarreglur:

#### Uppfært í febrúar 2021

	2020		2020	
	Tekjur einstaklinga	Lækkun	Tekjur hjóna	Lækkun
Allt að	3.775.584	100%	5.001.421	100%
Allt að	4.225.413	75%	5.694.286	75%
Allt að	4.673.108	50%	6.385.027	50%
Allt að	5.110.150	25%	7.077.884	25%

Viðmiðunartekjur eru heildartekjur, þ.e. tekjur sem mynda álagningarstofn tekjuskatts-, útsvars og fjármagnstekjuskatts eins og þessar tekjur voru á næsta ári á undan álagningarári. Viðmiðunarfjárhæðir skulu uppfærðar árlega með tilliti til breytinga á launavísitölu frá upphafi til loka þess tekjuárs sem miðað er við hverju sinni.



FLÓAHREPPUR

**4. gr.**

**Bújarðir og útihús**

Ekki er veitt heimild til lækkunar eða niðurfellingar á fasteignaskatti af bújörðum eða af útihúsum.

**5. gr.**

**Friðuð hús**

Eigendur friðaðra húsa geta sótt um lækkun eða niðurfellingu fasteignaskatts af friðuðum húsum ef staðið hefur verið að endurbótum eða endurbyggingu þeirra. Umsóknnum skal skilað inn til skrifstofu sveitarfélagsins eigi síðar en 1. febrúar ár hvert. Umsókn skulu fylgja upplýsingar um endurbyggingu eða endurbætur húsa. Sveitarstjórn metur umsóknir og ákveður lækkun eða niðurfellingu í hvert sinn. Skilyrði fyrir styrkveitingu er að fram hafi farið umtalsverðar endurbætur.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps þann 16. desember 2009 og taka þegar gildi. Um leið falla úr gildi reglur um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Flóahreppi nr. 1176 frá 27. desember 2006.

*Uppfært skv. launavísitölu, 9. febrúar 2021*

*Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri*